

**Kalt vatn við Hvolsvöll. Sýnataka og
niðurstöður fyrstu efnagreininga**

Magnús Ólafsson

Greinargerð MÓ-92-02

KALT VATN VIÐ HVOLSVÖLL
Sýnataka og niðurstöður fyrstu efnagreininga

Sýni af köldu vatni voru tekin á þremur stöðum á og í kringum Hvolsvöll af starfsmanni Orkustofnunar þann 28. janúar síðastliðinn. Sýnin voru telkin að beiðni Ómars Bjarka Smárásonar, sem vinnur að könnun á grunnvatni á svæðinu í tengslum við nýjan búnað við skólphreinsun. Efnagreiningum er ekki lokið, en hér verður greint frá sýnatöku og þeim greiningum sem lokið er.

Fyrst var tekið sýni úr nýrri borholu í landi Miðkrika. Dælt hafði verið úr holunni í nokkra daga áður en sýnataka fór fram. Að lokinni sýnatöku var dælan tekin upp og færð í holu við frystihúsið, en á meðan sú hola var dæld í tæpa þrjá tíma var tekið sýni úr vatnsbóli Hvolhreppinga í svokölluðum Krappa.

Niðurstöður mælinga sem fram fóru við sýnatöku og fyrstu efnagreininga eru sýndar í töflu 1. Vatnsborð í holu við Miðkrika er miðað við efri brún á innri fóðringu, en aftur á móti er miðað við efri brún á steypum kassa við holuna hjá frystihúsinu.

Tafla 1. Kalt vatn við Hvolsvöll

Staður	Miðkrika	Krappi	Holsvöllur
Númer	Borhola	Vatnsból	Borhola v/frystihús
	92-9001	92-9002	92-9003
Hiti (°C)	5,4	3,9	6,6
Rennsli (l/s)	0,76	-	0,74
Vatnsborð (m)	1,76	-	4,95
Leiðni (µS/cm)	298	111	341
Súrefni (O ₂ mg/l)	6	9	0,05
Sýrustig/°C	7,7/23	8,0/23	7,3/23
Karbonsat (CO ₂ mg/l)	≈110	≈35	≈150
Brennist.vetni (H ₂ S mg/l)	<0,03	<0,03	<0,03
Klóríð (Cl mg/l)	25,0	11,3	18,4
Súlfat (SO ₄ mg/l)	5,6	3,0	10,6
Nítrat (NO ₃ mg/l)	7,3	0,24	0,0

Ekki er alveg ljóst hvenær endanleg efnagreining liggur fyrir, en strax og svo verður munum við senda allar niðurstöður.

Magnús Ólafsson

